

## Móttaka nýkandídata

Nýútskrifaðir kandidatar í  
móttöku hjá Læknafélagi  
Íslands.



### Heitorð lækna

Ég sem rita nafn mitt  
hér undir, lofa því og  
legg við drengskap  
minn

að beita kunnáttu  
minni með fullri  
alúð og samvizku-  
semi,

að láta mér ávallt  
annnt um sjúklinga  
mína án mann-  
greinarálits,

að gera mér far um  
að auka kunnáttu  
mína í læknafraeð-  
um,

að kynna mér og  
halda vandlega öll  
lög og fyriræli er  
lúta að störfum

LAUGARDAGINN 24. JÚNÍ ÚTSKRIFAÐIST 31 KANDÍDAT  
úr læknadeild Háskóla Íslands. Daginn áður, föstu-  
daginn 23. júní, bauð stjórn Læknafélags Íslands  
kandídötum og mökum þeirra til móttöku í húsnæði  
félagsins að Hlíðasmára 8. Til móttökunnar var einn-  
ig boðið stjórn Læknafélags Reykjavíkur, fulltrúum  
læknadeildar, Hollvinasamtaka Háskóla Íslands,  
landlæknisembættisins og heilbrigðisráðuneytisins.

Sú hefð hefur skapast að í þessari árlegu mót-  
töku stjórnar LÍ undirriti kandidatar *Heitorð  
lækna* og var svo einnig nú.

Jón Snædal varaformaður Læknafélags Íslands  
bauð gesti velkomna. Jón lýsti í örstuttu máli upp-  
byggingu læknasamtakanna sem væntanlega verða  
félagslegur vettvangur allflestira nýkandídata.

Hann lagði sérstaka áherslu á að Læknafélag Ís-  
lands ætti að vera hvort tveggja í senn, fagleg og  
félagsleg eining allra lækna á Íslandi.

Jóhann Ágúst Sgurðsson forseti læknadeildar  
ávarpaði því næst kandidata. Hann kynnti þeim  
Heitorð lækna sem allir lækna útskrifaðir úr  
læknadeild HÍ hafa ritað undir frá árinu 1932, en  
útskrifarhópurinn nú er sá síðasti sem ber titilinn  
cand. med. et chir. Jóhann fjallaði um hverfullleika  
þekkingarinnar og nauðsyn þess að leita sífellt  
nýrrar og aukinnar þekkingar. Sem veganesti til  
fram tíðar lagði forseti læknadeildar áherslu á  
lækna hefðu stöðugt að leiðarljósi virðingu fyrir  
sjúklingum sínum.

Hollvinafélag læknadeildar er eitt aðildarféлага  
Hollvinasamtaka Háskóla Íslands. Hollvinafélagið  
hefur nokkur undanfarin ár veitt viðurkenningu  
þeim kandidata sem bestum árangri hefur náð á  
lokaprófi í læknadeild. Örn Bjarnason formaður  
Hollvinafélagsins afhenti Hilmu Hólm vegalega  
bókargjöf fyrir frábæran árangur. Í orðum sínum  
hvatti Örn nýkandídata til þess að velja sér sér-  
grein og starfsvettvangur fyrst og fremst eftir eigin  
löngun, því lækna sem ekki væri ánægður í starfi  
gæti aldrei orðið góður lækna.

-þþ-

Hér að neðan undirritar  
Kristín Pálsdóttir Heitorð  
lækna.

